

**Nr. 070 / 10 Auður ÍS 42****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2442  
Smíðaður: Hafnarfirði 2000 plast  
Stærð: 7,2 brl. 8,2 bt.  
Mesta lengd: 9,53 m Skráð lengd: 9,5 m  
Breidd: 2,94 m Dýpt: 1,22 m  
Vél: Volvo Penta 196 kW 2000  
Fjöldi skipverja: 1



Auður ©Þorgeir Baldursson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. júní 2010 var Auður ÍS 42 á siglingu um 24 sml VNV af Barða. Veður: Hægviðri

Á siglingunni fór aðvörun vélarinnar í gang og gaf til kynna að hún væri að ofhitna. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og kom björgunarskipið Gunnar Friðriksson og dró bátinn til Ísafjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að vélin missti kælivatn. Rör hafði gefið sig neðst á sílenderkápunni og kælivatnið lekið rólega af vélinni. Rörið fór á samsetningu sem var orðin þreytt.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn að huga reglulega að öllum vélbúnaði.